



Umhverfis- og skipulagssvið - USK
Höfðatorg - Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 7. maí 2026
USK24070045

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarráðs frá 7.5.2026 varðandi eftirfarandi mál:

USK - Kvosin - Breyting á deiliskipulagi - Austurstræti 8-14 - til afgreiðslu

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 16. apríl 2026, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 15. apríl 2026 á breytingu á deiliskipulagi Kvosarinnar vegna lóðarinnar nr. 8-14 við Austurstræti, ásamt fylgiskjólum.
Samþykkt.

Ólöf Örvarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins styðja framlagða deiliskipulagsbreytingu um að heimila íbúðir á efri hæðum við Austurstræti. Mikilvægt er þó að tryggja að samspil íbúa og núverandi starfsemi verði í sátt við umhverfið, enda er um að ræða svæði þar sem umfangsmikil veitinga- og skemmtanastarfsemi fer fram. Reynslan sýnir að skipulag af þessu tagi getur skapað árekstra ef ekki er vel staðið að undirbúningi. Því er brýnt að hljóðvist verði tryggð með fullnægjandi hætti og jafnframt að loftgæði í íbúðum verði þannig að ekki sé nauðsynlegt að opna glugga eða hurðir, til að lágmarka líkur á ónæði og ágreiningi í framtíðinni.

Helga Björk Laxdal
e.u.